

**Greinargerð borgarfulltrúa Flokks fólksins með umræðu um kostnað
Reykjavíkurborgar við ráðgjafarkaup**

Tugir milljóna fara ár hvert í verk- og ráðgjafarkaup frá innlendum og erlendum ráðgjafarfyrtækjum. Þetta er alvarlegt í ljósi bágrar efnahagsstöðu borgarinnar. Borgarfulltrúi Flokks fólksins hefur lagt til að dregið verði af afli úr aðkeyptri verkefnavinnu og ráðgjöf til borgarinnar og sé sú leið einungis farin liggja fyrir skýr og handbær rök. Skoða má að nýta þess í stað mannauð borgarinnar betur. Reykjavíkurborg er stærsti vinnustaður landsins og hefur á að skipa fjölda sérfræðinga sem ráðnir eru einmitt vegna sinnar sérfræðimenntunar, sérþekkingar og reynslu.

Í gegnum árin hefur fulltrúi Flokks fólksins vakið máls á þessu með ýmsum hætti, bókunum og tillögum. Bent hefur verið á þá gríðarlegu fjármuni sem fara ekki einvörðungu í ráðgjöf heldur einnig alls kyns verkefni. Nýlega bárust fréttir um að Reykjavíkurborg hafi greitt 34 milljónir króna til félags í eigu fyrrverandi fjármálastjóra borgarinnar fyrir sérfræðiþjónustu frá árinu 2021 en viðkomandi fjármálastjóri lét af störfum sem fjármálastjóri borgarinnar fyrir aldurs sakir árið 2019. Félag hans fékk greiddar tæplega 11,5 milljónir króna árið 2021 og tæplega 5,1 milljón á fyrsta fjórðungi þessa árs, að því er fram kemur á upplýsingavef um fjármál borgarinnar. Þetta er aðeins eitt af mörgum dæmum um háar fjárhæðir sem streyma til einkaaðila og fyrirtækja vegna verk- og ráðgjafakaupa einna helst af verkfræði- og arkitekta stofum en einnig fjölmörgum öðrum fyrirtækjum. Önnur dæmi má nefna um aðkeypt verk sem kalla ef til vill ekki á sértæka þekkingu og reynslu endilega, s.s. að telja nagladekk á götum borgarinnar eða skrifa fundargerðir. Ráðnir hafa verið hámenntaði verkfræðingar, verktakar, til þess að annast verkefni af þessu tagi. Borgarfulltrúi Flokks fólksins væntir þess að um þetta verði skynsamleg umræða í borgarstjórn. Minnt er á fjárhagsstöðu borgarinnar og allir hljóta að sjá að velta þarf við hverri krónur ef borgin á að geta siglt út úr þeim ógöngum sem hún er nú í.